



**367 Fjölbrautaskóli Snæfellinga**  
**Ársskýrsla 2013**

## Inngangur

Fjölbrautaskóli Snæfellinga stendur á ákveðnum tímamótum um þessar mundir þar sem fjöldi nemenda á upptökusvæði skólans sem ljúka grunnskóla næstu árin eru minni en verið hefur. Sem dæmi þá luku um 75 nemendur grunnskóla vorið 2013 en áætlanir gera ráð fyrir um 50 næstu tvö ár. Af þessum fjölda hafa um og innan við 80% sótt um skólavist í FSN og fengið inni. Þessi breyting hefur eðli málsins samkvæmt verið okkur ljós um langan tíma og því sótti skólinn um nemendagólf sem hefur verið samþykkt af ráðherra mennta- og menningarmála fyrir rekstrarárin 2013 og 2014.

## Nemendur

Upptökusvæði FSN er norðanvert Snæfellsnes og sunnanverðir Vestfirðir. Skólinn starfrækir framhaldsdeild á Patreksfirði auk þess bíður skólinn upp á dreifnám óháð búsetu. Dreifnám FSN er ólíkt fjarnámi að því leiti að nemendum býðst að mæta í skólann og sitja tíma í viðkomandi áfanga. Á almanaksárinu 2013 gerðu fjárlög ráð fyrir 210 ársnemunum en þeir urðu 185. Nýtingarhlutfall árið 2013 var í tæpum 70%. Brottfall var um 6,4% á árinu. Við talningu ársnema hefur verið miðað við nemendafjölda í skóla í lok 12 kennsluviku hvórrar annar og að einkunn í Innu sé 2 eða hærri við annarlök. Þessi aðferð hefur verið notuð með samþykki ráðuneysisins en lokapróf eru fá þar sem námsmatið byggir á leiðsagnarmati þar sem vinna nemenda er metin nánast frá viku til viku.

## Skipting nemenda eftir kyni og vinnslustöðu

### Vorönn 2013

Vinnslustaða	Kk	Kvk	Samtals
Í námi	81	91	172
Dreifnám	8	33	41

### Haustönn 2013

Vinnslustaða	Kk	Kvk	Samtals
Í námi	87	82	169
Dreifnám	14	38	52

## Nám

### Fjöldi nemenda eftir brautum

#### Vorönn 2013

Heiti brautar	Skammstöfun brautar	Fjöldi nemenda
Almenn braut	AB	77
Félagsfræðibraut	FÉ	75
Málabraut	MB	4
Náttúrufræðibraut	NÁ	49
Starfsbraut	ST1	4
Umhverfis- og auðlindabraut	UMAU	4
Samtals		213

#### Haustönn 2013

Heiti brautar	Skammstöfun brautar	Fjöldi nemenda
Almenn braut	AB	63
Félagsfræðibraut	FÉ	79
Málabraut	MB	3
Náttúrufræðibraut	NÁ	68
Starfsbraut	ST1	5
Umhverfis- og auðlindabraut	UMAU	3
Samtals		221

Námsframboðið við FSN er fyrst og fremst bóknám á þrem brautum auk starfsbrautar. Þeir sem innritast á almenna braut eru annars vegar nemendur sem ekki hafa gert upp hug sinn um hvert þeir vilja stefna og hins vegar þeir sem uppfylla ekki inntökuskilyrði á stúdentsbrautir skólans. Í þessu sambandi má nefna að lagaskyldan um að veita nemendum nám við hæfi er og verður flókið og kostnaðarsamt sem enn er langt í land að skólinn uppfylli.

Enn einu sinni hefur skólinn það markmið að innrita eftir nýjum brautalýsingu næsta vor. Þetta markmið hefur hingað til ekki náðst m.a. vegna skorts á stemmingu innan skólans en á yfirstandandi skólaári hefur stemmingin verið góð og áhugi flestra mikill. Vonandi tekst skólanum að senda inn umsókn um tilraunakennslu á nýjar brautir fyrir 1.mars 2014 þrátt fyrir að þessi vinna sé farin að blandast í kjaraviðræður.

Hugmynd okkar er að skipuleggja þrjár brautir til stúdentsprófs, sem allar hafa sama kjarna (um 60% náms á brautunum) og eina eða tvær brautir til skilgreinds framhaldsskólaprófs.

Skólinn hefur gert nokkrar tilraunir til samstarfs við atvinnulífið um námsframboð fyrir nemdendur skólans en fram að þessu hafa þessar tilraunir ekki borið tilætlaðan árangur. Líklega þarf að skilgreina námið mun betur og þau mögulegu réttindi sem það hefur í för með

sér.

Námsframboð samstarfsskólanna sem kalla sig Fjarmentaskólann stendur nemendum FSN til boða án endurgjalds. Þetta fer frekar hægt af stað en er að okkar viti vaxtarbroddur sem við viljum hlúa að.

## **Kennsla og stjórnun**

Skólameistari í fullu starfi, aðstoðarskólameistari í 50%, námsráðgjafi í 70%, fjármála- og skrifstofustjóri í fullu starfi og tveir deildarstjórar í fullu starfi hvor. Kerfisfræðingur í 25% starfi, þrír ræstitækjar í samtals 1,28 starfshlutfalli, einn þroskaþjálfari í fullu starfi, þrír stuðningsfulltrúar í samtals 2,25 starfshlutfalli, húsvörður í fullu starfi og síðast en ekki síst þá eru 17 framhaldsskólakennarar í samtals 13 stöðugildum. Auk þess er aðstoðarskólameistari í hálfri stöðu sem kennari, námsráðgjafinn er í 30% stöðu sem kennari og skólameistari hefur gegnt 25% starfi sem kennari. Allir kennarar skólans fyrir utan tvo hafa leyfisbréf til kennslu í framhaldsskóla, fjórtán eru með BA, BS eða Bed gráðu og 3 með meistaragráðu. Á haustönn 2013 var einn kennari í námsorlofi og annar í fæðingarorlofi.

Frá stofnun skólans árið 2004 hefur hann verið leiðandi í breyttum kennsluháttum, nýtingu upplýsingatækni í skólastarfi og innleiðingu leiðsagnarmats. Skólinn hefur sett sér það markmið að veita nemendum enn betri þjónustu með því að nýta enn frekar þá möguleika sem spjaldtölvan býður upp á. Þetta ætti ekki síst að nýtast dreifnemendum skólans en inn á þann markað þurfum við að sækja enn frekar.

## **Mat**

Unnið hefur verið eftir sjálfsmatsáætlun skólans, sjá heimasíðu FSN, að því undanskildu að mat á framhaldsdeild skólans á Patreksfirði var flutt yfir á vorönn 2014. Sérstök sjálfsmatsskýrsla er unnin á hverju ári [http://fsn.is/?page\\_id=739](http://fsn.is/?page_id=739) þar kemur m.a. fram að 95% nemenda skólans líður mjög vel eða frekar vel í skólanum og þetta er besta niðurstaða í sögu skólans. Fé hefur verið skorið niður í tíð núverandi skólameistara sem fer í innra mat og því hefur í raun mun minna verið skoðað en vilji er til. Fyrir skóla sem á sér langa sögu um hallarekstur þá hlýtur krafan um að skólinn haldist innan fjárlaga hvers árs að vera öðrum verkefnum æðra. Það er þó aðkallandi verkefni fyrir sjálfsmatshóp skólans að kanna hvernig útskrifuðum nemendum FSN vegnar í námi og starfi að loknu útskrift hédan úr skólanum. Það má því búast við að fleiri komi að þessu verkefni á næsta skólaári.

## **Fjármál, rekstur**

Samkvæmt drögum að ársreikningi 2013 stefnir í að innan rekstrarársins verði hagnaður um fimm milljónir þrátt fyrir skerðingu upp á 1,5 m.kr samkvæmt nemendauppgjöri. Skerðingin kemur fyrst og fremst til vegna nemanda á starfsbraut sem hætti á haustönn 2012 en rekstraráætlun 2013 gerði ráð fyrir. Ein af forsendum fyrir nemendagólfi er að hagnaður ársins 2013 verði ekki undir 4,1 m.kr og allt bendir til þess að það takist. Önnur forsenda nemendagólfsins er að hagnaður ársin 2014 dugi til þess að greiða upp halla fyrri ára og að skólinn verði búinn að laga sig að færri ársnemunum vorið 2015 þannig að fjárveitingar dugi fyrir rekstrinum. Þegar ákvörðun um nemendagólfið hafði verið tekin þá var undirrituðum ljóst að fjárhagsstaðan bauð upp á endurnýjun búnaðar sem löngu var kominn tími á þannig að skólinn gat endurnýjað nokkrar fartölvur, ljósritunarvél fyrir framhaldsdeildina, kæliskáp í mötuneytinu og fjórar spjaldtölvur voru keyptar. Þetta leiddi til þess að eignakaup eru um 1 m.kr. hærri en áætlunin gerði ráð fyrir.

## Samstarf við aðra

Formlegt samstarf er á milli skólanna sem vinna saman undir merkjum [Fjarmentaskólans](#). Samstarfið felur m.a. í sér að bjóða nemendum þessara skóla nám á styttri starfsnámsbrautum sem ekki eru kenndar hjá heimaskóla nemandans, bjóða nemendum fjarnám í einstökum áföngum sem ekki eru í boði í heimaskólanum en áfangastjóri sækir um fyrir nemandann. Skólameistarar þessara skóla hafa haldið einn til tvo símafundi á mánuði allt síðasta ár þar sem við erum að bera saman bækur okkar og skipuleggja starf Fjarmentaskólans. Fjölbrautaskóli Snæfellinga og Menntaskóli Borgarfjarðar hafa haldið sameiginlega fundi með öllum kennurum undan farin ár og þá sérstaklega í sambandi við innleiðingu laga nr.92/2008. Borgnesingar eru nú þegar að vinna eftir nýjum áfangalýsingum sem hafa að nokkru leiti orðið fyrirmynd hér. Einn augljós kostur við að áfangalýsingar tveggja skóla séu þær sömu opnar á enn nánara samstarf kennara þar sem ein og sama kennsluáætlunin gæti orðið til fyrir báða skólana.

Þar sem FSN sér fram á fækkun ársnema þá verður óhjákvæmilega minna kennslumagn við skólann sem eykur líkur á að hlutastörfum fjölgi við skólann og þá gæti orðið enn erfiðara að ná fagmenntuðum kennurum til skólans. Síðasta sumar sótti kennari sem er í hlutastarfi við Menntaskóla Borgarfjarðar um hlutastarf við FSN m.a. vegna hugmynda skólameistara FSN um að tveir skólar samnýttu einn og sama kennarann. Af þessu varð ekki þar sem ekki tókst að finna ásættanlega leið til þess að greiða viðkomandi akstur og uppihald án þess að raska þeirri staðreynd að tveir til þrjú kennarar skólans hafa haldið heimili fjarri vinnustað (177 km) og leigt sér húsnæði á Snæfellsnesi til þess að búa í virka daga án þess að skólinn hafi á nokkurn hátt komið á mótis við þá fjárhagslega.

## Lokaorð

Hér og nú er góður starfsandi og samstarf stjórnenda gengur mjög vel. Það að vita af að nemendum okkar líður vel í skólanum er mikið ánægjuefni. Með því fyrirkomulagi sem hér ríkir tekst umtalsverðum hópi nemenda að ljúka námi á þremur og hálfu ári og af því erum við mjög stolt. Annar hópur sem innritar sig hér í skóla veit ekki hvert hann stefnir og alltof margir hætta námi löngu áður en nokkurt lokapróf er í auglýsni. Það skal tekið fram að algengast er að þessir nemendur séu hér við nám í tvær til þrjár annir og hætti svo. Það veldur einnig áhyggjum sívaxandi fjöldi nemenda sem virðist eiga við þunglyndi að stríða. Í stað þess að við séum að leita raunverulegra leiða til þess að bæta líðan þessara nemenda fer orkan í að endurhanna nám til stúdentsprófs sem er nú þegar best skilgreint og mætir þörfum þess hóps nokkuð vel. Annað áhyggjuefni er hversu illa okkur gengur að ná menntuðum raungreinakennurum að skólanum.

Eftir þessi þungu lokaorð er sjálfsagt að horfa bjartsýnum augum til framtíðar, eftir að hafa verið á frábærri árshátíð nemendafélagsins og þessir duglegu nemendur eru vissulega einir og sér ástæða til að halda áfram blússandi siglingu í FSN að ógleymdri ferð kennara á BÉtt sbr. frétt í Skessuhorni.

**Grundarfirði 11. febrúar 2014**

**Jón Eggert Bragason**  
**Skólameistari**